

## Notkunarleiðbeiningar fyrir ORLA Rafmagnspíanó


### Inngangur

Þegar búið er að setja ORLA rafmagnspíanóið saman samkvæmt samsetningarleiðbeiningum og því hefur verið stungið í samband við rafmagn, er það tilbúið til notkunar.

Til að kveikja á ORLA rafmagnspíanóinu er ýtt á **ON/OFF** takkann. Til að stilla hljóðstyrk rafmagnspíanósins notum við **Master Volume** (til hægri til að hækka, og til vinstri til að lækka).

Allar aðgerðir á rafmagnspíanóinu eru mjög einfaldar. Ávallt kveiknar ljós fyrir ofan þá aðgerð sem valin er, eða það hljóðfæri sem valið er.

### Kynningarlag (Demo Song)



Mynd 1

Til að láta ORLA rafmagnspíanóið spila kynningarlag er ýtt á **DEMO** takkann. Þá kveiknar ljós fyrir ofan takkann (sjá mynd 1) og skjárinn sýnir **ds1**, sem stendur fyrir *Demo song 1* (sjá mynd 2).

TEMPO / OTHER VALUE



Mynd 2

ORLA Rafmagnspíanóið inniheldur nokkur kynningarlag sem valin eru með örvatókkunum. Ef ýtt er t.d. á ▲ örvatakkann einusinni, veljum við kynningarlag númer 2. Þá sýnir skjárinn **ds2** sem stendur fyrir *Demo song 2* (sjá mynd 3).

TEMPO / OTHER VALUE




Mynd 3

Til að stöðva kynningarlagið er einfaldlega ýtt á **DEMO** takkann aftur.


## Val á Hljóðfæri (Voice)

Til að velja hljóðfæri sem er í línunni fyrir neðan takkana þarf að sjá til þess að slökkt sé á **A/B** takkanum. Síðan er ýtt á einn af tökkunum til að velja hljóðfæri, og kveiknar þá ljós fyrir ofan þann takka til að sýna að viðkomandi hljóðfæri sé valið (sjá mynd 4).




Mynd 4

Til að velja hljóðfæri sem er í línunni fyrir ofan takkana þarf að sjá til þess að kveikt sé á **A/B** takkanum. Síðan er ýtt á einn af tökkunum til að velja hljóðfæri, og kveiknar þá ljós fyrir ofan þann takka til að sýna að viðkomandi hljóðfæri sé valið (sjá mynd 5).




Mynd 5

Hægt er að fá tvö hljóðfæri sem eru bæði í neðri línunni til að hljóma samtímis. Það er gert með því að halda niðri takkanum fyrir fyrra hljóðfærið, ýta svo á takkann fyrir seinna hljóðfærið og sleppa loks báðum tökkunum (sjá mynd 6).



Mynd 6

Einnig er hægt að fá tvö hljóðfæri sem eru bæði í efri línunni til að hljóma samtímis. Þá þarf að sjá til þess að kveikkt sé á **A/B** takkanum, halda svo niðri takkanum fyrir fyrra hljóðfærið meðan ýtt er á takkann fyrir seinna hljóðfærið og loks er báðum tökkunum sleppt (sjá mynd 7)



Mynd 7

Til að fá tvö hljóðfæri sem eru í sitthvorri línunni til að hljóma samtímis er takkanum fyrir fyrra hljóðfærið haldið niðri, næst er ýtt á A/B takkann til að fara í hina línuna, og síðan er ýtt á takkann fyrir seinna hljóðfærið og loks er báðum tökkum sleppt.

Þegar búið er að velja seinna hljóðfærið sýnir skjáinn **4-1**, sem stendur fyrir hljóðstyrk á hvoru hljóðfæri fyrir sig, þ.e. fyrri talan stendur fyrir hljóðstyrk á fyrra hljóðfæri og seinni talan stendur fyrir hljóðstyrk á seinna hljóðfæri (*sjá mynd 8*).

TEMPO / OTHER VALUE



Mynd 8

Hægt er að breyta hversu hátt heyrir í hvoru hljóðfæri með því að nota örvatakkana ▲ og ▼. Eftirfarandi stillingar eru mögulegar:

4-1	4-2	4-3	4-4	3-4	2-4	1-4
-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----

### Digital Reverb

Hægt er að stilla hversu mikið bergmál er af völdu hljóðfæri með því að ýta á **DIGITAL REVERB** takkann, en þá er skipt á milli þrenns konar bergmáls stillinga.

1 – Room                      2 – Hall                      3 – Theatre


### Chrous Effect

Einnig er hægt að setja svokallaðan *Chorus effect* á valið hljóðfæri, en það gefur hljóðfærinu hlýrri og ríkari tón. Það er gert með því að ýta á **CHORUS** takkan, en þá kveiknar ljós fyrir ofan hann til að sýna að *Chrous effect* sé í gangi. Svo er slökkt á *Chrous effect* með því að ýta aftur á takkann.

### Bassi með Hægri Hönd (Bass to Left)

Þegar ýtt er á **BASS TO LEFT** takkann er rafmagnspíanóinu skipt í tvennt, þ.e. bassi er þá spilaður með vinstri hönd og það hljóðfæri sem valið er spilað með hægri hönd (*sjá mynd 9*).

FUNCTIONS



Mynd 9

**ATH!** Eingöngu er hægt að hafa eitt hljóðfæri valið þegar **BASS TO LEFT** er notað.

Hægt er að breyta því hversu stór hluti af rafmagnspíanóinu er notaður af bassanum. Það er gert með því að halda niðri **BASS TO LEFT** takkanum í nokkrar sekúndur, eða þar til **48** birtist á skjánum, en talan **48** stendur fyrir þann stað á rafmagnspíanóinu þar sem bassi og valið hljóðfæri skiptast (C3). Örvatakkarnir ▲ og ▼ eru svo notaðir til að breyta skiptistaðnum (*sjá mynd 10*).


TEMPO / OTHER VALUE



Mynd 10

Til að slökkva á bassanum er einfaldlega ýtt á **BASS TO LEFT** takkann aftur.

## Taktmælir (Metronome)



Mynd 11

Í ORLA rafmagnspíanónum er innbyggður taktmælir sem er nauðsynlegur fyrir þá sem enn eru að læra að spila. Til að virkja taktmælinn er ýtt á **METRONOME** takkann (sjá mynd 11). Þá sýnir skjárinn töluna **120**, sem táknar slög á mínútu. Hægt er að hraða og hægja á taktmælinum með því að nota örvatakkana ▲ og ▼.

Taktmælirinn býður upp á mismunandi takta:  $1/1$ ,  $2/4$ ,  $3/4$ ,  $4/4$ ,  $5/4$  og  $6/8$ . Til að breyta taktinum er **METRONOME** takkanum haldið niðri í nokkrar sekúndur, eða þar til skjárinn sýnir **4/4** eða ---. Þá eru örvatakkarnir ▲ og ▼ notaðir til að breyta taktinum (sjá mynd 12).


TEMPO / OTHER VALUE



Mynd 12

Til að slökkva á taktmælinum er einfaldlega ýtt á **METRONOME** takkann aftur.

## Tónflutningur (Transpose)



Mynd 13

ORLA Rafmagnspíanóin bjóða upp á tónflutning (transpose), en þá er grunntóninum C breytt, þ.e. hann hækkaður eða lækkaður. Það er gert með því að halda niðri **TRANSPOSE** takkanum og nota örvatakkana, ▲ og ▼ til að flytja tónana, um hálfþón samkvæmt eftirfarandi töflu:

G	G <sup>#</sup>	A	A <sup>#</sup>	B	C	C <sup>#</sup>	D	D <sup>#</sup>	E	F	F <sup>#</sup>
-5	-4	-3	-2	-1	0	1	2	3	4	5	6

Ef við lækkum t.d. niður í A, þá þurfum við að ýta þrisvar sinnum á ▼ örvatakkann, og þegar við spilum nú nótuna C, hljómar hún eins og nótan A. (sjá mynd 14).

TEMPO / OTHER VALUE




Mynd 14

Rafmagnspíanóið fer í venjulega stillingu, C, þegar kveikt er á því, þ.e. tónflutningurinn helst ekki á ef slökkt er á rafmagnspíanóinu og svo kveikt á því aftur.

## Stilling (Pitch)

Þar sem venjulegur tónflutningur um hálf tóna dugur ekki, og meiri nákvæmni er krafist, er hægt að breyta tíðni grunntóns rafmagnspíanósins, þ.e. fínstilla rafmagnspíanóið. Það er gert með því að ýta á **PITCH** takkann og nota svo örvatakkana ▲ og ▼ til að fínstilla (sjá mynd 15).




Mynd 15

Til að stilla aftur á venjulega stillingu þarf að nota ofangreindar leiðbeiningar til að stilla aftur á **0**. Ennfremur fer rafmagnspíanóið aftur á venjulega stillingu þegar kveikt er á því aftur.

## MIDI

MIDI (Musical Instrument Digital Interface) er notað þegar rafmagnspíanóið er tengt við tölvu eða annað rafmagnspíanó. Þegar ýtt er á **MIDI** takkann sendir rafmagnspíanóið svokölluð MIDI skilaboð um það sem spilað er á rafmagnspíanóið. Ljós kveiknar fyrir ofan MIDI takkann sem táknar að kveikt sé á MIDI eiginleikanum (sjá mynd 16)



Mynd 16

## Snertiskynjun (Touch Sense)

Alveg eins og á venjulegu píanói ræðst hljóðstyrkur af því hversu þungt er slegið á nóturnar. Ef slegið er laust á nóturnar heyrir það lægra en ef slegið er fast á nóturnar. Hægt er að breyta snertiskynjun á rafmagnspíanóinu með **TOUCH SENSE** takkanum á þrjá vegu:

- HARD**      Hér þarf að slá mjög fast á nóturnar til að ná fram hámarks hljóðstyrk.
- NORMAL**    Er venjulega stillingin – snertiskynjun eins og á venjulegu píanói. Þegar kveikt er á rafmagnspíanóinu er **NORMAL** snertiskynjun sjálfkrafa valin.
- SOFT**      Hér er nóg að slá frekar laust til að ná fram hámarks hljóðstyrk.

Ljós kveikna fyrir ofan **TOUCH SENSE** takkann sem sýnir á hvaða stillingu snertiskynjunin er.

Þegar ekkert ljós logar er engin snertiskynjun, þ.e. alltaf heyrir jafn hátt, sama hversu fast er slegið á nóturnar. Hægt er að stilla hámarks hljóðstyrk á þessari stillingu, en það er gert með því að halda niðri **TOUCH SENSE** takkanum þangað til skjárin sýnir töluna **100** (sjá mynd 17).

TEMPO / OTHER VALUE




Mynd 17

Örvatakkarnir ▲ og ▼ eru notaðir til að stilla hljóðstyrkinn – hægt er að stilla hljóðstyrk frá 0-127.

## Upptökutæki (Sequencer)


Í ORLA rafmagnspíanóunum er innbyggt tveggja rása upptökutæki þar sem hægt er að geyma tvö lög á tveimur aðskildum rásum eða eitt lag á tveimur rásum.

Til að taka upp á rás númer 1 á upptökutækinu er ýtt á **TRACK 1** takkann. Þá kveiknar á ljósi fyrir ofan takkann (sjá mynd 18). Hægt er að hafa taktmælinn í gangi á meðan upptöku stendur og er það gert með því að ýta á **METRONOME** takkann. Upptakan byrjar svo þegar þú byrjar að spila. Til að stöðva upptöku er einfaldlega ýtt á **TRACK 1** takkann aftur (sjá mynd 18).




Mynd 18

Til að hlusta á það sem þú varst að taka upp ýtir þú fyrst á **TRACK 1** takkann og síðan á **PLAY** takkann (sjá mynd 19). Til að stöðva ýtir þú aftur á báða takkana.



Mynd 19


Nú er hægt að taka upp annað lag á rás númer tvö. Til að hefja upptöku er ýtt á **TRACK 2** takkann (sjá mynd 20), og hefst hún þegar þú byrjar að spila. Til að stöðva upptöku er einfaldlega ýtt á **TRACK 2** takkann aftur (sjá mynd 20).



Mynd 20

Til að hlusta á það sem þú varst að taka upp ýtir þú fyrst á **TRACK 2** takkann og síðan á **PLAY** takkann. Til að stöðva ýtir þú aftur á báða takkana og þá slökknar á ljósunum fyrir ofan þá.

Ef þú vilt hins vegar nota báðar rásirnar fyrir sama lagið er það einnig hægt. Eftir að tekið hefur verið upp á fyrri rásina er fyrst ýtt á **TRACK 1** takkann og svo er ýtt á **TRACK 2** takkann. Þá er fyrri rásin spiluð á meðan tekið er upp á seinni rásina (sjá mynd 21).



Mynd 21

Til að stöðva upptöku er ýtt á bæði **TRACK 1** og **TRACK 2**, og þá slökknar á ljósunum fyrir ofan.

**ATH!** Ekki er hægt að nota **BASS TO LEFT** möguleikarn þegar upptökutækið er notað, og ekki er heldur hægt að nota tvö hljóðfæri í einu inn á sömu rásina.

## Umngengnisreglur fyrir ORLA Rafmagnspíanó

ORLA rafmagnspíanóið er gott hljóðfæri sem á skilið góða umgengni. Með því að fylgja eftirfarandi umgengnisreglum er lengri ending rafmagnspíanósins tryggð.

- Aldrei má taka rafmagnspíanóið í sundur og snerta innviði þess. Ef rafmagnspíanóið bilar er æskilegt er að fagmaður sjái ávallt um viðgerðir. Hafa ber í huga að tveggja ára ábyrgð er á ORLA rafmagnspíanóunum.
- Ávallt skal slökkva á rafmagnspíanóinu eftir notkun.
- Þrífa skal rafmagnspíanóið reglulega. Við þrif á rafmagnspíanóinu skal nota mjúkan klút, sem má vera örlítið rakur. Ef þrif með klútnum duga ekki skal nota náttúruleg hreinsiefni. Aldrei skal nota leysiefni né alkóhól.
- Ganga skal úr skugga um að slökkt sé á utanáliggjandi mögnurum og hátölurum áður en kveikt er á rafmagnspíanóinu.
- Ávallt skal halda rafmagnspíanóinu frá stöðum þar sem er mikið af ryki, mikill raki eða hár hiti.
- Ekki hafa rafmagnspíanóið nálægt rafmótorum né neon- eða flúrósent lömpum þar sem slíkt getur valdið truflunum – Í flestum tilfellum nægir að færa rafmagnspíanóið til.
- Ekki tengja rafmagnspíanóið í samband við rafmagn á sama stað og neon- eða flúrósent lampar eru tengdir þar sem slíkt gæti valdið truflunum.
- Tölvustýrð hljóðfæri geta orðið fyrir rafmagnstruflunum. Ef rafmagnspíanóið hættir að virka vegna rafmagnstruflana, er ráðlagt að slökkva á því í nokkrar sekúndur áður en kveikt er á því aftur.
- Ávallt skal ganga úr skugga um að slökkt sé á rafmagnspíanóinu áður en það er tekið úr sambandi við rafmagn.